

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025
Hafnarsvæði H1, Fornubúðir
Skipulagslýsing

Uppkast - 19. júlí 2018



HAFNARFJÖRÐUR *UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ*

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faf

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|-------------------------------------------------|----------|
| 1 | Viðfangsefni | 2 |
| 1.1 | Tílefni og meginatriði verkefnisins | 2 |
| 1.2 | Markmið bæjarstjórnar | 2 |
| 2 | Helstu forsendur | 3 |
| 2.1 | Staðhættir..... | 3 |
| 2.2 | Tengsl við aðrar áætlanir..... | 3 |
| 2.2.1 | Landsskipulagsstefna | 3 |
| 2.2.2 | Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 | 3 |
| 2.2.3 | Eignarhald á landi..... | 3 |
| 2.2.4 | Samgönguáætlun | 3 |
| 2.2.5 | Aðrar áætlanir – | 3 |
| 3 | Fyrirhuguð breyting | 4 |
| 3.1 | Gildandi ákvæði..... | 4 |
| 3.2 | Drög að breyttum ákvæðum aðalskipulags..... | 4 |
| 4 | Áhrifamat, umhverfismat áætlunar | 5 |
| 4.1 | Ákvæði laga | 5 |
| 4.2 | Áhrifættir | 5 |
| 5 | Skipulagsferli, kynning og samráð | 6 |
| 5.1 | Verkafangar | 6 |
| 5.2 | Umsagnaraðilar | 7 |
| 5.3 | Ábendingar og athugasemdir vegna lýsingar | 7 |

1 VIÐFANGSEFNI

1.1 TILEFNI OG MEGINATRÍÐI VERKEFNISINS

Í lýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að ákvæði um Suðurhöfnina, hafnarsvæði H1, eru gerð ítarlegri þannig að þar megi gera ráð fyrir stofnunum sem tengjast sjávarútvegi og hafrannsóknunum.

Tilefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem breyting á reit 4.1 í deiliskipulagi Suðrhafnar í Hafnarfirði var felld úr gildi ásamt byggingarleyfi samkvæmt breyttu deiliskipulagi. Í deiliskipulagsbreytingunni var gert ráð fyrir heimild fyrir skrifstofu- og þjónustubyggingu á lóð nr. 5 við Fornubúðir. Í byggingarleyfi kom fram að gert ráð fyrir að þar yrði aðsetur Hafrannsóknarstofnunar en engin sérákvæði voru sett í deiliskipulagið um eðli starfseminnar á lóðinni eða tengsl hennar við haf og höfn.

Í úrskurði úrskurðarnefndar er m.a. vísað í skilgreiningu skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 á hafnarsvæðum (grein 6.2, liður o). Sú skilgreining er ófullkomin og miðast fyrst og fremst við vöru- og farþegaflutninga en ekki aðra hafnsækna starfsemi svo sem fiskvinnslu eða annan viðeigandi rekstur og þjónustu. Almenn ákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar eru ítarlegri og er þar t.d. gert ráð fyrir fiskvinnslu.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi verður sett fram á breytingarblaði þar sem gerð verður grein fyrir tilefni, helstu forsendum og umhverfisáhrifum breytingarinnar. Ekki verður gerð breyting á aðalskipulagsuppdrætti. Breytingin mun felast í sérákvæðum, sem sett verða í kafla 2.2.7 í greinargerð skipulagsins.

Lýsing fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er sett fram og kynnt í upphafi verks í samræmi við 30. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

1.2 MARKMIÐ BÆJARSTJÓRNAR

Commented [WU1]: Þessari pillu má alveg sleppa.

Commented [PS2R1]:

2 HELSTU FORSENDUR

Mynd – loftmynd – götuheiti - staðsetning

2.1 STAÐHÆTTIR

ATH Hér mætti vera staðháttalýsing. ATH betur.

2.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Listi yfir aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir.

2.2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Ath hvort hér mætti tilgreina stefnu um samkeppnishæf samfélög og öfluga innviði og að breytingin styðji þá stefnu.

2.2.2 SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

Fyrirhugð breyting er ekki háð stefnu eða ákvæðum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins XXXX-YYYY

2.2.3 EIGNARHALD Á LANDI

Á þetta við?

2.2.4 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Fyrirhugð breyting hefur ekki áhrif á stefnu samgönguáætlunar XXXX

2.2.5 AÐRAR ÁÆTLANIR –

ATH betur

3 FYRIRHUGUÐ BREYTING

3.1 GILDANDI ÁKVÆÐI

Í kafla 2.2.7 í greinargerð aðalskipulags Hafnarfjarðar eru eftirfarandi ákvæði, sem eiga við það svæði sem fyrirhuguð breyting nær til:

Almenn ákvæði:

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Íbúðir eru ekki heimilar á hafnarsvæðum. Íbúðir eru ekki heimilar á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir húsvaðaríbúðum. Hafnarsvæðin heyra undir stjórn hafnarstjórnar.

Suðurhöfn

Miðað er við að Suðurhöfn (H1) verði áfram megin fiskihöfn höfuðborgarsvæðisins, vöruflutningahöfn og miðstöð skipasmíða og viðhaldsþjónustu við skipaflotann. Megin markmið í skipulagi hafnarsvæðisins eru að skapa skilyrði og bestu aðstæður til öflugrar þróunar fyrir hafnsækna starfsemi og að skapa aðstöðu fyrir uppbyggingu skipaviðhaldsiðnaðar. Gera þarf ráð fyrir að hægt verði að taka á móti og þjónusta farþegaskip í Suðurhöfninni. Miklir þróunarmöguleikar eru í Suðurhöfn sem verður miðstöð útgerðar, vöruflutninga og skipaviðgerða. Suðurhöfnin hefur verið stækkuð með landfyllingu og útbúið stórt athafnasvæði og aðastaða fyrir útgerð, fiskmarkað og flutningafyrirtæki. Einnig er þar olúbryggja og olúgeymar, sem fjallað er um í áhættumati Höfuðborgarsvæðisins og í umhverfismati aðalskipulagsins. Með nýjum ákvæðum um hafnarvernd er sá hluti hafnarsvæðanna sem vöruflutningar fara um lokaður fyrir allri almennri umferð.

Úr töflu 8, yfirliti yfir hafnarsvæði:

| Nr | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|----|-----------|----------|---------------------------------------------|
| H1 | Suðurhöfn | 55 ha | Aðal flutninga- og fiskihöfn Hafnarfjarðar. |

3.2 DRÖG AÐ BREYTTUM ÁKVÆÐUM AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagsbreytingin mun felast í því að bætt verður við ákvæðum í kafla 2.2.7 í greinargerð. Annars vegar kemur til greina að bæta við almennum ákvæðum, sem þá eiga við öll hafnarsvæði, eða sérákvæðum við hafnarsvæði H1, Suðurhöfn.

Drög að viðbótarákvæði við kafla 2.2.7:

Á hafnarsvæðum/hafnarsvæði H1 er einnig gert ráð fyrir öðrum fyrirækjum og stofnunum, sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknnum og öryggismálum sjófarenda. Nánari ákvæði um starfsemi verða sett í deiliskipulagi [viðkomandi svæða].

Engin breyting verður gerð á aðalskipulagsupprætti.

4 ÁHRIFAMAT, UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR

4.1 ÁKVÆÐI LAGA

Fyrirhugð breyting á aðalskipulagi mun ekki fela í sér heimildir til framkvæmda, sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er því ekki háð slíku mati. Breytingin fellur ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á (5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Við vinnslu breytingartillögunnar verða metin möguleg áhrif skipulagskosta á umhverfi og samfélag eftir því sem við á.

4.2 ÁHRIFAPÆTTIR

Áhrif fyfirhugaðra framkvæmda á umhverfi og samfélag verða metin á deiliskipulagsstigi.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 VERKÁFANGAR

- Lýsing aðalskipulagsbreytingar
 - Auglýsing og kynning
 - Lýsing send umsagnaraðilum
 - Kynningarfundur
- Drög að breyttu aðalskipulagi kynnt sbr. 30. gr. skipulagslaga
- Gengið frá breytingartillögu
- Breytingartillaga afgreidd af skipulagsnefnd og bæjarstjórn til auglýsingar
- Tillagan send Skipulagsstofnun til yfirferðar
- Auglýsing, 6 vikna athugasemdafrestur
- Yfirferð athugasemda
- Skipulagsnefnd gerir tillögu um afgreiðslu athugasemda
- Samþykkt bæjarstjórnar
- Staðfesting Skipulagsstofnunar



Stefnt er að því að tillaga að breyttu aðalskipulagi verði auglýst ATH 2018 og að verklok verði í ATH 2018.

ATH tímaáætlun betur

5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Siglingasvið Vegagerðarinnar
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Aðliggjandi sveitarfélög
 - Garðabær
 - Kópavogur
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

5.3 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR VEGNA LÝSINGAR

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef sveitarfélagsins <http://www.hafnarfjordur.is/> og verður hún aðgengileg á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar. Á kynningartíma lýsingarinnar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum um fyrirhugaðar breytingar og umhverfismat áætlunarinnar frá almenningi og umsagnaraðilum.

Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar **Aðalskipulag – Fornubúðir** og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði
eða á netfangið [hafnarfjörður@hafnarfjordur.is](mailto:hafnarfjorður@hafnarfjordur.is)

Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu sveitarfélagsins.